

Starfsreglur Norðurlandaráðs æskunnar

Samþykktar í Helsinki 26.10.2002

Endurskoðaðar í Ósló 26.10.2003

Endurskoðaðar í Stokkhólmi 31.10.2004

Endurskoðaðar í Reykjavík 23.10.2005

Endurskoðaðar í Ósló 28.10.2007

Endurskoðaðar í Helsinki 24.10.2008

Endurskoðaðar í Ósló 27.10.2013

Endurskoðaðar í Stokkhólmi 26.10.2014

Endurskoðaðar í Reykjavík 24.10.2015

Endurskoðaðar í Helsinki 29.10.2017

Endurskoðaðar í Stokkhólmi 26.10.2019

Endurskoðaðar á þinginu 24.10.2020

Endurskoðaðar í Helsinki 29.10.2022

1. gr. Tilgangur

Norðurlandaráði æskunnar (UNR) er ætlað að stefna saman ungu stjórnmalafólki frá öllum Norðurlöndum til að ræða og hafa áhrif á málefni í norrænu samstarfi. Norðurlandaráð æskunnar er fulltrúi ungs fólks gagnvart Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni um norræn málefni almennt. Það er markmið í sjálfu sér að aðilar að Norðurlandaráði æskunnar stuðli með norrænni þátttöku sinni að skilningi, samskiptum og vilja til samstarfs þvert á landamæri Norðurlanda.

2. gr. Hlutverk

Norðurlandaráð æskunnar á að setja málefni ungs fólks á norræna dagskrá, endurnýja, þróa og hafa áhrif á norrænt samstarf og vera stofnun þar sem ungt stjórnmalafólk á Norðurlöndum skiptist á hugmyndum og framtíðarsýn um Norðurlönd dagsins í dag og til framtíðar. Með þátttöku í Norðurlandaráði æskunnar lærir ungt fólk hvernig Norðurlandaráð, Norræna ráðherranefndin og annað norrænt samstarf gengur fyrir sig og er undirbúið fyrir þing Norðurlandaráðs.

3. gr. Aðilar

Aðilar að Norðurlandaráði æskunnar eru ungliðasamtök stjórnmalaflokka sem eiga sæti á þjóðþingum landanna eða hjá sambærilegum stofnunum sjálfstjórnarlandanna. Aðilarnir geta myndað norræn regnhlífarsamtök, en að þeim þurfa að koma aðildarsamtök í Norðurlandaráði æskunnar frá eigi færri en þremur löndum eða sjálfstjórnarlöndum. Hver regnhlífarsamtök verða enn fremur að halda eigi færri en einn fund (staðbundinn eða fjarfund) árlega og setja sér starfsreglur. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs æskunnar ábyrgist að ganga úr skugga um í september á hverju ári að regnhlífarsamtökin uppfylli þessar kröfur og tilkynna regnhlífarsamtökunum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing hvaða regnhlífarsamtök séu starfandi á þingi þessa árs. Aðildarsamtök í Norðurlandaráði æskunnar geta eingöngu verið aðilar að einum norrænum regnhlífarsamtökum.

Tilkynna þarf skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar eigi um ný regnhlífarsamtök eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þing. Endanleg skráning nýrra regnhlífarsamtaka fer fram við byrjun þings og öðlast þau þá rétt til þátttöku. Fulltrúar regnhlífarsamtaka í Norðurlandaráði æskunnar skulu koma frá einhverjum aðildarsamtökum Norðurlandaráðs æskunnar í löndunum eða sjálfstjórnarlöndunum.

4. gr. Tungumál

4.1. gr. Vinnutungumál

Í Norðurlandaráði æskunnar eru aðallega notuð skandinavísk tungumál.

4.2. gr. Þing

Þingfulltrúar sem skilja ekki dönsku, norsku eða sænsku þurfa að tilkynna skrifstofunni um þetta um leið og þeir skrá sig á þingið. Til að tryggja að allir þingfulltrúar standi jafnfætis á þinginu, óháð tungumáli, þarf túlkun að vera í boði. Öll skjöl eru þýdd á íslensku, finnsku og skandinavísku áður en þau eru send þingfulltrúum. Norðurlandaráð æskunnar á að búa þannig um hnútana að tungumál komi ekki í veg fyrir að þingfulltrúar geti tekið þátt í starfi ráðsins.

5. gr. Þingið

5.1. gr. Tími

Norðurlandaráð æskunnar heldur þing dagana á undan reglulegu þingi Norðurlandaráðs. Gert er ráð fyrir að aðilar að Norðurlandaráði æskunnar eigi rétt á að taka þátt sem áheyrnarfulltrúar á reglulegu þingi Norðurlandaráðs.

5.2. gr. Þátttökugjald og endurgreiðsla ferðakostnaðar

Forsætisnefnd ákveður þátttökugjald á þingin sem er það sama fyrir alla þingfulltrúa. Þingfulltrúarnir ábyrgjast sjálfir að panta ferðir og greiða fyrir þær. Þegar sýnt er fram á ferðakostnað opinbers fulltrúa aðildarsamtaka er hann endurgreiddur samkvæmt ferðaskilmálum og upphæðarmörkum Norðurlandaráðs æskunnar. Ferðakostnaður er aðeins endurgreiddur fyrir einn fulltrúa frá hverjum aðildarsamtökum. Ferðakostnaður er greiddur að þingi loknu en ekki áður en þing hefst. Sýna þarf fram á öll útgjöld. Uppfærðir og fullkomnir ferðaskilmálar og upphæðarmörk eru send út um leið og boðsbréfin. Ef þátttökugjald er ekki greitt á tilsettum tíma fellur málfrelsi, atkvæðis- og tillöguréttur á þinginu niður.

5.3. gr. Dagskrá

Á þingi Norðurlandaráðs æskunnar eru ályktunartillögur fluttar, ræddar og samþykktar. Einnig er greint frá starfsemi Norðurlandaráðs æskunnar og hún rædd. Eftirfarandi mál eru að lágmarki afgreidd á þinginu:

1. Þingið sett og verkum skipt.
2. Gengið frá viðvistarskrá.
3. Lögmati og ákvörðunarþæmi þingfundar.
4. Kosning fundarstjóra, varafundarstjóra og fundarritara.
5. Kosning tveggja til að undirrita fundargerð og tveggja til að telja atkvæði.
6. Þingsköp samþykkt.
7. Starfsreglur samþykktar.
8. Ársskýrsla forsætisnefndar.
9. Pólítískar landaskýrslur.
10. Afgreiðsla starfsáætlunar og reglur um atkvæðagreiðslu.
11. Ályktunartillögur lagðar fram.
12. Vinnuhópar myndaðir.
13. Afgreiðsla í vinnuhópum.
14. Umræður um ályktanir og þær samþykktar.
15. Málefni sem eru efst á baugi í norrænu samstarfi.
16. Kosning forseta og fulltrúa í forsætisnefnd.
17. Þema næsta þings.

18. Ákvörðun um tíma og staðsetningu næsta þings.
19. Þingslit.

5.4. gr. Þingfulltrúar, áheyrnarfulltrúar og gestir

Þingfulltrúar

Öll samtök sem uppfylla skilyrði um aðild að Norðurlandaráði æskunnar geta tekið þátt í þinginu með að minnsta kosti einn fulltrúa. Þingfulltrúar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt.

Áheyrnarfulltrúar

Landssambönd ungmennafélaga, ungmennadeildir Norrænu félaganna í löndunum og Samband ungmennadeilda Norrænu félaganna hafa áheyrnaraðild á þingi Norðurlandaráðs æskunnar. Landssamtök ungra Sama, Ungmennasamtök Kvena, Norrænu æskulýðssamtökin og ungmennasamband Finna í Svíþjóð hafa einnig rétt á að senda áheyrnarfulltrúa. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á þinginu. Þingið getur veitt öðrum rétt til að taka þátt, málfrelsi og tillögurétt.

5.5. gr. Þátttaka á þingi Norðurlandaráðs

Þingfulltrúar Norðurlandaráðs æskunnar geta einnig tekið þátt sem áheyrnarfulltrúar á þingi Norðurlandaráðs.

5.6. gr. Atkvæðisbærni

Skipting atkvæða á þingi Norðurlandaráðs æskunnar. Öll stjórnáskjalasamtök ungs fólks sem eiga aðild að Norðurlandaráði æskunnar samkvæmt 3. gr. hafa eitt atkvæði. Þá hafa samtök sem eiga fulltrúa í Norðurlandaráði jafnmörg atkvæði í Norðurlandaráði æskunnar og móðurflokkurinn í Norðurlandaráði. Fulltrúar í forsætisnefnd hafa einnig eitt atkvæði hver. Fulltrúi í Norðurlandaráði æskunnar getur haft eitt eða fleiri atkvæði, og atkvæðin geta ekki dreifst á fleiri einstaklinga. Til að nota atkvæðisréttinn er krafa um að samtökin eigi fulltrúa á þingi Norðurlandaráðs æskunnar.

Fulltrúar í forsætisnefnd eru ekki fulltrúar aðildarsamtaka sinna á þinginu. Regnhlífarsamtökin geta sent áheyrnarfulltrúa en þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

Til þess að fulltrúinn sé atkvæðisbær þarf hann að vera viðstaddur og með umboð sem framkvæmastjóri eða formaður samtakanna hefur undirritað. Fulltrúar í forsætisnefnd eru ekki fulltrúar aðildarsamtaka sinna á þinginu.

5.7. gr. Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðslur á þinginu ráðast af einföldum meirihluta. Breytingar á starfsreglum krefjast þó 2/3 atkvæða.

5.8. gr. Kosningar forsætisnefndar og forseta

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs æskunnar skipar forseti sem er fulltrúi einna regnhlífarsamtaka og einn fulltrúi frá hverjum regnhlífarsamtökum sem forsetinn er ekki fulltrúi fyrir. Auk þess er Samband ungmennadeilda Norrænu félaganna með áheyrnarfulltrúa. Forsætisnefnd er kosin á árlegu þingi og atkvæðisrétt hafa eingöngu þau sem eru viðstödd. Hægt er að víkja frá kröfu um viðveru ef 2/3

Þingfulltrúa styðja það. Regnhlífarsamtök eiga að tilnefna tvo frambjóðendur, einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa. Regnhlífarsamtök forsetans tilnefna aðeins frambjóðanda til varafulltrúa.

Ef fleiri en einn frambjóðandi er til forseta er eftirfarandi aðferð höfð við kosningar: 1. Ef frambjóðendur eru fleiri en tveir, er fyrst kosið milli allra frambjóðenda. 2. Fá enginn frambjóðandi meira en 50% atkvæða, er kosið í annarri umferð milli þeirra tveggja frambjóðenda sem hlutu flest atkvæði.

5.9. gr. Þema

Á hverju þingi eru umræður um þema þingsins á næsta ári. Að því loknu fær forsætisnefnd umboð til að ræða og samþykkja þema næsta árs.

5.10. gr. Fundarboð og frestur

Forsætisnefndin ábyrgist að öll aðildarsamtök Norðurlandaráðs æskunnar og allir áheyrnarfulltrúar fái fundarboð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Eftirfarandi á að standa í fundarboðinu:

Tími og staðsetning þingsins

Tillaga að dagskrá

Starfsreglur Norðurlandaráðs æskunnar

Yfirlit yfir fresti fyrir skráningu, breytingu á starfsreglum, kynningu á ályktunum og

einstaklingum í trúnaðarstöður

Listi yfir atkvæðisbær samtök.

Lokafrestur til að skila ályktunum á skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar er fjórum vikum fyrir þing.

Þingið getur samþykkt með 2/3 atkvæða að afgreiða tillögur sem borist hafa eftir að frestur rann út.

Tillögur sem borist hafa eru sendar þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið.

5.11. gr. Mat

Forsætisnefndin ábyrgist að mat sé gert á þingi Norðurlandaráðs æskunnar.

5.12. gr. Aukaþing

Hægt er að boða til aukaðings Norðurlandaráðs æskunnar ef þriðjungur aðildarsamtaka ráðsins óska eftir því.

5.13. gr. Rafrænt þing

Ef óvenjulegar aðstæður koma upp og nauðsyn krefur er hægt að halda rafrænt þing eða hluta þingsins rafrænt. Krefst það einróma samþykkis í forsætisnefnd. Sömu reglur gilda um fundarboð, fresti og ályktanir og ef um hefðbundið þing væri að ræða. Valin verði stafræn lausn sem hentar þinginu. Í fundarboðinu á Norðurlandaráð æskunnar að greina aðildarsamtökunum frá ástæðu þess að þingið fer fram rafrænt.

6. gr. Norðurlandaráð æskunnar milli þinga

6.1. gr. Forsætisnefnd

6.1.1. gr. Forsætisnefndin stjórnar Norðurlandaráði æskunnar milli þingfunda og ábyrgist rekstur starfsemi ráðsins. Í því felst að sitja nefndarfundir Norðurlandaráðs, ábyrgð á skrifstofunni, innleiðing ályktana og umsjón með að skipuleggja og undirbúa næsta þing Norðurlandaráðs æskunnar. Þá á forsætisnefndin að eiga regluleg samskipti við aðildarsamtökin og greina frá starfi Norðurlandaráðs æskunnar. Eins getur forsætisnefndin, ef hægt er, tekið þátt í viðburðum aðildarsamtaka.

6.1.2. gr. Kjörtímabil nýkjörinnar forsætisnefndar er frá janúar til desember. Ef kostur gefst geta fráfarandi og ný forsætisnefnd átt sameiginlegan fund í desember. Forsætisnefnd skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nefndarinnar strax að loknu þingi og kýs varaforseta.

6.1.3. gr. Varafulltrúi forseta situr fundi forsætisnefndar fyrir hönd regnhlífarsamtakanna í forföllum forseta. Í slíkum tilvikum sinnir varaforseti störfum forseta.

6.1.4. gr. Í starfi forsætisnefndar er hver fulltrúi með eitt atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði forseta úrslitum.

6.1.5. gr. Ef Norðurlandaráð æskunnar er ekki með skrifstofu ábyrgist forsætisnefnd að verkefnum skrifstofunnar sé sinnt.

6.1.6. gr. Ef fulltrúi eða varafulltrúi í forsætisnefnd yfirgefur aðildarsamtök sín á kjörtímabilinu ber regnhlífarsamtökunum að tilkynna skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar það umsvifalaust. Á þingi Norðurlandaráðs æskunnar eru persónukosningar og því er ekki hægt að setja inn staðgengil fulltrúa eða varafulltrúa sem hættir í forsætisnefnd, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Þá er það undir forsætisnefnd Norðurlandaráðs æskunnar komið að meta málsatvik hverju sinni.

6.2. gr. Nefndir

Að því marki sem forsætisnefndin telur þörf á eru skipaðir vinnuhópar til að sinna afmörkuðum og tímabundnum verkefnum.

6.3. gr. Skrifstofan

Forsætisnefndinni er heimilt og hún ábyrgist að sett verði á laggirnar skrifstofa ef þörf krefur. Forsætisnefndin ákveður verkefni skrifstofunnar.

7. gr. Fjárhagur

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs æskunnar sækir árlega um styrk frá Norðurlandaráði til reksturs Norðurlandaráðs æskunnar. Forsætisnefndin sækir einnig um fé úr öðrum sjóðum. Styrkinn skal nýta til að halda þingið, í fundarstörf forsætisnefndar og annarra nefnda, rekstur skrifstofunnar og vefsíðu Norðurlandaráðs æskunnar og aðrar upplýsingaveitur, einnig fyrirsvar og þátttöku á námstefnum, ráðstefnum og þingum. Forsætisnefndin getur einnig sótt um styrki í önnur verkefni sem hún vill hrinda í framkvæmd. Forsætisnefndin getur ákveðið að umsýsla (en ekki stjórnun) eigna og fjármála Norðurlandaráðs æskunnar almennt verði í höndum annarra samtaka sem gerður er samstarfssamningur við. Norðurlandaráð æskunnar fylgir sömu endurskoðunar- og fjárhagsreglum og Norðurlandaráð.

8. gr. Samband við Norðurlandaráð

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs æskunnar er fulltrúi ráðsins í nefndum Norðurlandaráðs.

8.1. gr. Samstarf

Hlutverk forsætisnefndar er að tryggja samfellu í samstarfi og samskiptum Norðurlandaráðs æskunnar við Norðurlandaráð.

9. Lokun Norðurlandaráðs æskunnar

Ákvörðun um að leggja Norðurlandaráð æskunnar niður er tekin af þinginu. Til að leggja niður Norðurlandaráð æskunnar þarf $3/4$ atkvæða. Ef Norðurlandaráð æskunnar er lagt niður eru eignir ráðsins bakfærðar til Norðurlandaráðs. Aðildarsamtökunum er ekki heimilt að skipta með sér handbæru fé eða eignum Norðurlandaráðs æskunnar ef ráðið er lagt niður.

Tillaga um að leggja Norðurlandaráð æskunnar niður þarf að berast skrifstofunni skriflega, eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þing. Aðildarsamtökunum á að berast slík tillaga, eigi síðar en einum mánuði fyrir þing.

10. gr. Breytingar á starfsreglum

Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs æskunnar er hægt að samþykkja með $2/3$ atkvæða á þinginu. Aðildarsamtökin og forsætisnefnd þurfa að senda skriflegar breytingartillögur á skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar fjórum vikum fyrir þing. Samþykktar breytingar á starfsreglum taka gildi strax að þingi loknu.